

Fylgiskjal 2.

III. VIÐAUKI

Varnaðarmerki.

Xn



28. október 1998

Nr. 640

AUGLÝSING

um deiliskipulag íbúðarhverfis vestan Sjávangötu í Bessastaðahreppi.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 13. október 1998 deiliskipulag íbúðarhverfis vestan Sjávangötu í Bessastaðahreppi þar sem gert er ráð fyrir 58 nýjum íbúðum í einbýlishúsum, parhúsum, raðhúsum og keðjuhúsum á svæði sem samkvæmt aðalskipulagi er skilgreint sem íbúðarsvæði. Skipulagstillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagið.

Skipulagið öðlast gildi með birtingu þessarar auglýsingar.

Bessastaðahreppi, 28. október 1998.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

29. október 1998

Nr. 641

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hafnarfirði á hafnarsvæði, Óseyrarbraut - Lónsbraut.

Bæjarráð Hafnarfjarðar samþykkti þann 6. ágúst 1998, tillögu að deiliskipulagi fyrir Óseyrarbraut - Lónsbraut. Í tillögunni er gert ráð fyrir einnar hæðar skemmubýggð, með allt að 8 metra vegghæðum á fjórum lóðum. Gert er ráð fyrir að milli lóðanna og Hvaleyrarlóns sé a.m.k. 10 metra breitt svæði til þess að koma fyrir göngu- og akstursaðkomu.

Tillagan var auglýst, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, frá 14. ágúst til 11. september 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 29. október 1998.

Magnús Gunnarsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar.